

Kjarasamningur

milli Samtaka sjálfstæðra skóla (SSSK) og Eflingar – stéttarfélags

1. gr.

Gildistími og gildissvið

Kjarasamningur þessi gildir frá 1. apríl 2023 til 31. mars 2024. Hann nær til kjara félagsmanna í Eflingu sem starfa hjá aðildarfyrirtækjum SSSK innan félagssvæðis Eflingar.

2. gr.

Inntak samnings

Um kaup og kjör félagsmanna Eflingar sem starfa hjá aðildarfyrirtækjum SSSK fer eftir kjarasamningi Eflingar við Reykjavíkurborg ásamt fylgiskjölum sem undirritaður var 1. apríl 2023 nema kveðið sé á um annað í samningi þessum.

3. gr.

Fylgiskjal III

Aðilar eru sammála um að gera eftirfarandi breytingar á fylgiskjali 3 við kjarasamning aðila um sérstaka hækkun lægstu launa.

Yfirlit yfir fjárhæðir á starfsmatsstigabilum í fylgiskjali 3 uppfærist og verður eftirfarandi frá 1. apríl 2023:

Starfsm.stig frá	Starfsm. stig til	Launafl.	Upphæð
266	319	221-227	19.500
320	326	228	17.550
327	334	229	15.600
335	342	230	13.650
343	349	231	11.700
350	357	232	9.750
358	365	233	7.800
366	373	234	5.850
374	380	235	3.900
381	388	236	1.950

Kaflí II í fylgiskjali III breytist og orðist svo:

Þá hafa aðilar jafnframt orðið ásáttir um að greiða starfsmönnum leikskóla skv. gr. 1.1.3 eftirfarandi fjárhæðir:

Starfsheiti	Önnur laun
leiðbeinandi 1	37.400
leiðbeinandi 1 með stuðning	37.400
leiðbeinandi 2	43.200
leiðbeinandi 2 með stuðning	43.200
leikskólaliði	43.200
leikskólaliði með stuðning	43.200
deildarstjóri C	49.000

Aðilar eru sammála um að á samningstímanum taki önnur laun skv. gr. 1.1.3 hækkun um 5% þann 1. apríl 2023.

5. gr.
Fyrirvari um samþykki

Samningurinn er undirritaður með fyrirvara um samþykki viðkomandi aðildarfélaga SSSK og félagsmanna Eflingar í atkvæðagreiðslu. Aðilum ber að tilkynna um niðurstöðu atkvæðagreiðslu eigi síðar en 20. júní 2023. Telst samningurinn samþykktur hafi ekki verið tilkynnt um annað fyrir þann tíma.

6. gr.
Samstarfsnefnd

Aðilar skulu skipa samstarfsnefnd, að fyrirmynd greinar 16.1 í samningi Eflingar við Reykjavíkurborg, sem hafi það hlutverk að greiða úr mögulegum ágreiningi milli aðila um túlkun samnings sem upp kann að koma á samningstíma. Nefndin hugi sérstaklega að því að hvernig beri að heimfæra ákvæði úr kjarasamningi Eflingar við Reykjavíkurborg á samning þennan í tilvikum þar sem það kann að vera óljóst t.d. vegna ákvæða sem vísa í tilteknar stjórnsýslustofnanir Reykjavíkurborgar. Á sama hátt skal samstarfsnefnd heimilt að fjalla um það með hvaða hætti kunni að vera nauðsynlegt að útfæra samning þennan með tilliti til kjaraatriða sem kunna að vera framsett með öðrum hætti eða á öðrum grundvelli hjá sveitarfélögum utan Reykjavíkur.

7. gr.
Samninganefnd félagsmanna

Við framkvæmd á grein 15.8.1 um störf við kjarasamningsgerð í samningi Eflingar við Reykjavíkurborg eru aðilar ásáttir um eftirfarandi fyrirvara: Við skipun félagsmanna í samninganefnd Eflingar við SSSK skulu vera að hámarki tveir félagsmenn frá hverjum þeirra skóla sem taldir eru upp í samningi þessum.

8. gr.
Endurnýjun kjarasamnings

Í ljósi þess að kjör í samningi þessum fara eftir kjarasamningi Eflingar við Reykjavíkurborg eru aðilar ásáttir um eftirfarandi tilhögun viðræðna að gildistíma samnings loknum:

Viðræður um endurnýjun samnings hefjast ekki fyrir en viðræðuáætlun um endurnýjun samnings Eflingar við Reykjavíkurborg liggur fyrir. Skal SSSK fá afrit af þeirri viðræðuáætlun.

Nýr kjarasamningur milli aðila verður ekki undirritaður fyrir en nýr samningur Eflingar við Reykjavíkurborg hefur verið undirritaður.

9. gr.
Stytting vinnutíma

Aðilar eru sammála um að við útfærslu vinnutíma skv. fylgiskjali I með kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Eflingar verði tekið fullt tillit til útfærslna sem þegar hafa verið gerðar hjá einstökum skólum þar sem vinnutími við gildistöku samnings þessa hefur þegar verið stytur.

Reykjavík, 6. júní 2023

f.h. Samtaka sjálfstæðra skóla
með fyrirvara um samþykki
viðkomandi aðildarfélaga SSSK

f.h. Eflingar – stéttarfélags
með fyrirvara um samþykki
félagsmanna

Verkátun
með samkomulagi dags. 6. júní 2023
milli Samtaka sjálfstæðra skóla (SSSK)
annars vegar
og
Eflingar – stéttarfélags
hins vegar

Með samkomulagi um framlengingu á kjarasamningi er viðræðum um önnur atriði en launalið aðila frestað. Aðilar eru sammála um að hefja viðræður eins og fram kemur í eftirfarandi töflu.

Málefni	Vinna hefst	Vinnu lýkur	Lýsing
Betri vinnutími í dagvinnu	1. ágúst 2023	1. janúar 2024	<p>Aðilar eru sammála um að framlengja fylgiskjali um betri vinnutíma í dagvinnu með áherslu á umbætur og eftirfylgni til að ná betur fram gagnkvæmum ávinningi.</p> <p>Jafnframt eru aðilar sammála um mikilvægi þess að virkja vinnutímahópa í leikskólum sérstaklega til að rýna og greina hvernig til hefur tekist við innleiðingu á betri vinnutíma í leikskólum. Samstarfsnefnd aðila verði falið að fylgja verkefninu eftir. Sérstaklega verði horft til þess hvort einhverjar útfærslur kunni að hafa valdið álagi inn á deildum og hvort jafnræðis sé gætt við útfærslu.</p>
Ráðning í tímavinnu	1. ágúst 2023	1. nóvember 2023	<p>Aðilar eru ásáttir um að fela samstarfsnefnd að fara yfir fyrirkomulag ráðningar í tímavinnu á samningstímanum.</p>
Undirbúnings- tímar í leikskólum	1. september 2023	31. desember 2023	<p>SSSK verði falið að rýna nýtingu, greina þarfir og vinna að sameiginlegum viðmiðum fyrir stjórnendur að því er varðar undirbúningstíma félagsfólks Eflingar í leikskólum. Sérstaklega verði horft til þess að tryggja undirbúningstíma starfsmanna sem sinna deildarstjórn. Þá verði lögð áhersla á að samtal fari fram í leikskólunum um undirbúningstímanna og hvernig skipulaginu í kringum þá er háttað þannig að tryggja megi að undirbúningstíminn nýtist leikskólastarfinu sem best. Samstarfsnefnd aðila verði falið að fylgja verkefninu eftir.</p>